

Fyrsti Dynex Data kapallinn um borð í Prándi í Göt

Útgerðin á Prándi í Göt, nýjasta flaggskipi færeyska fiskiskipaflotans, keypti í vetur fyrsta Dynex Data höfuðlínukapallinn frá Hampiðjunni.

Prándur í Göt er tæknilega vel útbúið nóta- og togveiðiskip og er til að mynda með tvær kapalvindur aftan á skutu skipsins sem ekki er algengt á þessari tegund fiskiskipa nú til dags. Því var ákveðið í samráði við útgerð skipsins að setja Dynex Data kapallinn á aðra vinduna og reyna hann við raunaðstæður. Hönnun og þróun kapalsins stóð yfir í þrjú ár en á þeim tíma var fjárfest í

ýmsum tækjabúnaði sem var nauðsynlegur fyrir framleiðsluna, á sama tíma og verkfræðingar Hampiðjunnar ruddu úr vegi ýmsum tæknilegum hindrunum.

Kapallinn er tengiliður milli trollsónarsins, sem festur er við höfuðlínu flottrollsins, og myndskjár í brú skipsins, þar sem sjá má opnun vörpunnar í hæð og breidd og þann fisk sem er á leið inn eða út um vörpuopið.

Skipið var á leið heim til Færeyja að lokinni loðnuveiði við Íslandsstrendur eftir löndun á Fáskrúðsfirði þar sem 3.000 metra langur kapallinn var tekinn




Prándur í Göt nýjasta flaggskip færeyska fiskiskipaflotans í eigu Vardin p/f í Göt í Færeyjum.

inn á aðra tromluna. Flottrolli skipsins var síðan kastað niður á 200 metra dýpi ásamt 800 metrum af Dynex togtaugum við strendur Færeyja. Samhliða þessu runnu út 1.000 metrar af Dynex Data kaplinum og var togað með veiðafærinu í nokkra klukkustundir.

Átak á kapalvindu var á bilinu 1,7-2.0 tonn. Í hífingu sást að kapallinn raðaðist vel inn á kapalvinduna og grófst ekki niður á milli vafninganna. Merkjásendingar frá trollsónar uppi í brú heppnuðust fullkomlega og myndin var bæði skýr og stöðug.



Dynex Data kapallinn tengdur inn á aðra af tveimur kapalvindum skipsins af tæknimönnum Hampiðjunnar.



Alþjóðleg einkaleyfisumsókn.



Dynex Data kapallinn tengdur við FS70 trollsónarinn frá Simrad.

Að mati Valdimars Einissonar, þjónustustjóra hjá Friðriki A. Jónssyni ehf. (umboðs-aðili SIMRAD/Kongsberg A/S) reyndust gæði endurvarps mikil, samskipti í búnaði voru í fullkomnu lagi og truflanir í lágmarki miðað við það sem þekkist með stálkapla. Viðnám

Dynex Data kapalsins mældist 40 ohm miðað við 3.000m.

Með þetta lága viðnám í kapli verður minna spennufall yfir hann sem er mikill kostur. Valdimar segir að spennan út á kapallinn stjórnist af því hvaða

trollsónar er á trollinu. Gamli trollsónarinn, FS 3300, notar eingöngu 110 V DC en nýrri gerðir eins og FS925, TS10, TS15 og FS70 eru gerðir fyrir 200 V DC.

Þrátt fyrir það nota mörg uppsjávarskipanna enn 110 volta spennu við nýrri gerðirnar.

Kostir Dynex Data kapalsins eru fjölmargir í samanburði við stálkapallinn:

- Dynex Data liggur hærra í sjónum og rekst því ekki í togtaugar og hlera í beygjum.
- Dynex Data liggur ekki ofan í sjónum þegar torfufiskur er veiddur í yfirborðinu og fælir því síður fiskana.
- Dynex Data er eðlisléttari, 1,28 á móti 4,47 í stálkapli.
- Dynex Data hefur sama eða hærra slitþol en stálkapall.
- Dynex Data ryðgar ekki.
- Dynex Data fer yfir og aftur fyrir troll ef of mikið slakast út.
- Dynex Data skemmir ekki troll eða togtaugar við snertingu.



12 mm Dynex Data kapallinn raðast nokkuð vel inn á kapalvinduna.


Ásteyppt kápa á Dynex togtaugum

Eftir að sjómenn fóru að nota Dynex togtaugar hefur það komið fyrir að hlífðarkápan lendir utan í skipinu og skerst jafnvel í sundur og rennur til á togtauginni.

Þá getur verið erfitt að ná kápunni saman aftur og því eru kápuhólkar notaðir til að verja opna svæðið og þeir festir í kápuna hvor sínum megin.

En nú er komin margfalt betri lausn.

Sú hugmynd kom fljótlega fram að reynt yrði að festa kápuna þannig að hún rynni síður til og ráðist var í að þróa aðferð til að steypa hana fasta um leið og hún væri fléttuð utan um tógið.



Dynex togtaug fyrir og eftir ásteypu káunnar.

Þetta hefur nú tekist og afraksturinn má sjá á meðfylgjandi mynd þar sem steypuefnið þrýstist út um kápufléttuna.

Ásteypan var í fyrsta sinn notuð á Dynex Data höfuðlínukapal Hampiðjunnar sem fór um borð í Pránd í Götu fyrir stuttu


og þar vildi það óhapp til að kapallinn ókláraðist í kapalblökkinni með þeim afleiðingum að kápan skarst í sundur en rann ekki til á kaplinum sjálfum.

Það má því segja að ásteypan lofi góðu um framhaldið, bæði á Dynex togtaugum og Dynex Data.

Með ásteypunni má gera ráð fyrir meiri endingu ásamt því að spara tíma í viðgerðum úti í sjó þar sem hægt verður að stöðva frekari skemmdir á því sem kápan hlífir.



Sniðmynd af Dynex Togtaug.



Líst mjög vel á Dynex Data kapalinn

Segir Sturla Einarsson skipstjóri á Guðmundi VE-29

To: Guðmundur Gunnarsson
Subject: Dynex-DATA

From: Guðmundur VE. brú [\[mailto:guobru@isfelag.is\]](mailto:guobru@isfelag.is)

Sent: 31. ágúst 2011 20:44

To: Guðmundur Gunnarsson

Subject: Dynex-DATA

Sæll Guðmundur

Jæja þú gaf ég mér loksins tíma til að taka nokkrar myndir. Það er spurning hvernig mér gengur að koma þeim áleiðis. Við erum að nota FS70 Simrad sónar og keyrum hann á 200 V-DC. Myndin á skjánum er mjög góð og truflanir í lágmarki einungis eðlilegar truflanir þegar togað er í yfirborðinu. Þegar togað er með höfuðlinuna (drekann) í yfirborðinu, með ca 200-230faðma úti af vir, má segja að kapalinn snerti ekki hafhlötinn fyrr en rétt framan við drekan, þrátt fyrir að átakið á kaplinum sé ekki mikið, veit svo sem ekki hversu réttur útreikningurinn á átakanu er í Scantroll auto-troll búnaðinum sem ég er með, en það sýnir u.þ.b. 0,5 tonna átak. Ég er ekki í nokkrum vafa um að, það að vera með síða bugt á virkapli framan við trollið fæli fisk frá trollöpinu að einhverju leiti, svo ég tali nú ekki um bugtina á togvörum. Þegar þessi tími er kominn er makrillinn að hluta til farinn að þjappa sér saman í nokkuð þéttar torfur upp undir yfirborðinu á daginn, ef veður er gott, og á dögnum sannreyndi ég það hvernig hann fælist togvörum. Þegar makrilltorfa kom undir skipið fældist hún til hliðar við skipið en með því að beygja nokkuð skarplega á eftir henni var von til þess að ná henni á milli hleranna, og fylgdist ég með torfunni síga aftur með og til hliðar við skipið. Eftir að ég beygði vel stefndi torfan innan við hlerann, en þegar hún átti eftir nokkra tugi metra í hann beygði hún 90° og út fyrir hlerann. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þegar torfan lenti á virbugtinni tók hún þessa vinkilbeygju út fyrir hlerann. Hefði ég verið með Dynex Togtaugar (sem koma ekki í sjóinn fyrr en rétt framan við hlerann) og Dynex-Data höfuðlinukapal hefðu líkurnar á því að ná þessari torfu verið mun meiri. Varðandi Dynex-Data höfuðlinukapalinn þá er reynsla af honum þessa tvo mánuði sem við höfum verið með hann í notkun mjög góð að öllu leyti, og ekki ástæða til annars en að vera mjög bjartsýnn á framhaldið.

Kveðja Sturla



Fjölveiði- og frystiskipið Guðmundur VE-29 á siglingu frá heimahöfn skipsins í Vestmannaeyjum.



Þúsund metrar af Dynex Data kapli á kapalavindu skipsins.



Tenging á Dynex Data við trollsónar og höfuðlinuhanafót.



Ljósmynd:
Þorgeir Baldursson

Apollo Xstream hlerar á Björgvin EA-311

Samherji hf. á Akureyri keypti 6,5 m², 2000 kg Apollo Xstream flot-trollshlera af Hamp-iðjunni í Reykjavík um miðjan febrúar sl. til notkunar um borð í frystitogaranum Björgvin EA-311 frá Dalvík.

Flottrollshlerana á að nota við botntrollsveiðar sem skipið stundar að staðaldri allt árið um kring. Botntroll skipsins sem eru Hemmer og H-toppur koma frá Fjarðanetum á Akureyri. Til að gera þetta mögulegt þurfti að breyta útfærslu og tilhögun við veiðarnar sem í sjálfu sér eru ekki flóknar, eins og sést á meðfylgjandi teikningu. Þar sést að flottrollshlerarnir eru ekki dregnir eftir botninum eins og tíðkast með venjulegum



botntrollshlerum heldur eru þeir í fimm til tíu faðma hæð frá botninum. Lóð eru fest fremst á grandara trollsins sem sjá um að halda botntrollunum við botninn á toginu.

Óhætt er að segja að þessi togveiðiaðferð hefur reynst mjög vel hjá þeim sem nota hana við veiðar. Það eitt að hlerarnir eru ekki dregnir eftir botninum minnkar

sjálfkrafa viðhald þeirra, sem er umtalsvert á botntrollshlerum. Jafnframt er minna slit á gröndurum og undirvængjum og undirbyrði vegna þess hve átakalaust veiðarfærið fer yfir togsvæðið án botntrollhlera.

Angantý Arnari Árnasyni skipstjóra, eða Arnari eins og hann er kallaður daglega, leist mjög vel á nýja hönnun Apollo flottrollshleranna sem honum voru kynntir á síðasta ári.

Nýja hönnunin felur það í sér að straumristar eru festar aftan til á bakhlið hlerans og taka þær við straumnum frá gegnumstreymisraufum framar á hleranum og auka við það skverkraftinn um 25%.

sér. Þeir hafi að öllu leyti staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til þeirra. Það eina sem honum fannst að í byrjun var að hlerarnir skveruðu of mikið í upphígingu á veiðarfærinu.

Því var auðvelt að breyta með einni stillingu á brakket festingum. Agnar segist nota 75-80 faðma grandara framan við botntrollið. Hann segir að fjarlægð milli hleranna á togi sé 75-90 faðmar, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Hlerarnir haldi þessari fjarlægð mjög vel hvort sem er með eða á móti straumi.

Hann bætti að endingu við að með þessari togaðferð séu botntrollsveiðar orðnar vistvænar gagnvart botninum og botndýralífi, þar sem því væri til að dreifa, og væri það hið besta mál að hafa farið út í þessar breytingar. Hann sagðist alla jafna vera frekar íhaldssamur á breytingar en þessi breyting hafi svo sannarlega skilaði sér vel til baka.



Hemmer botntroll og grandarar við Apollo Xstream flottrollshlera.



Ljósmynd: Þorgeir Baldursson

Frystitogarin Björgvin EA-311 í eigu Samherja hf.

Með þessu móti verða hlerarnir í betra jafnvægi á togi og stöðugt bil verður á milli togvira, hlera og trolls á togi, í hífingu, í slökun og á snúningi.

Arnar skipstjóri segist vera mjög ánægður með árangurinn af notkun hleranna um borð hjá



Angantýr Arnar Árnason skipstjóri á Björgvin.

Nýjar loðnunætur

Stjórnendur Hampiðjunnar og HB Granda undirrituðu nýlega samning um uppsetningu á tveimur hringnótum til loðnuveiða á djúpmiðum.

Hringnæturnar verða tilbúnar til notkunar í lok október á þessu ári. Djúpnaetur eru notaðar á djúpslóð í upphafi loðnuvertíðar í vetrarbyrjun, norður og austur af landinu, á leið loðnunnar til suðausturmiða að Ingólfshöfða, þar sem grunnnætur eru notaðar við veiðarnar. Loðnan er veidd í djúpnaetur á 50-70 metra dýpi. Þegar nót er kastað á torfu á þessu dýpi þarf að myndast gott hvolf eða rými í

nótinni til að halda loðnunni inni á meðan nótin er snurpuð saman. Lóðrétt lengd nótarinnar er 198 metrar og því ljóst að allt að þrír fjórðu af dýpt nótarinnar fara í að loka henni í snurpingu.

Nætur HB Granda verða með 637 metra flotteinu, 715 metra blýjateini og mesta dýpt þeirra er 198 metrar. Grennsta garnið í netinu er 1,1 mm (210/24) og það sverasta er 2,0 mm (210/72). Möskvalengd loðnunetsins er 19,6 mm. Styrktarbekkir nóttanna lengjast úr 4 metrum í 10, hvoru megin við aðalnetabálk nóttanna, svo hægt sé að nota þær meira en áður við þær erfiðu aðstæður


þegar loðnan er á ferð í miklum straum og brælum, meðan á veiðum stendur. Pokaarmur nóttanna er úr sveru garni til að geta borið uppi aflann sem getur hæglega verið nokkur hundruð tonn í kasti. Þá er mikilvægt að styrkleiki, snið og fell-ing fari sem best saman þegar aflinn er færður til eftir nótinni fram í pokann. Útendi og neðri hluti, fram að pokaarmi nóttanna, eru með stærri möskva, 126 mm, og í skottinu er möskvalengd 200 mm. Þetta gerir það að verkum að nótin verður mun léttari í meðhöndlun um borð og mun léttara að snurpa hana saman eftir köstun. Þess má geta að heildarþyngd

annarrar nótarinnar er alls 50 tonn í þurrvikt áður en hún fer í sjóinn.

Burðarteinar eru úr fléttuðum Dynex kaðli í flotteinu sem er 30 mm þykkur og 20 mm/16 mm í blýteini.

Haft var eftir Þorsteini Kristjánssyni aflskipstjóra á Hólmaborg SU-11 upp úr miðjum tíunda áratug síðustu aldar að það að nota Dynex kaðla í hringnætur væri hrein veiðarfærabylting (Pukahornið, júní 1998). Ummæli Þorsteins hafa svo sannarlega gengið eftir því afar fáar nætur eru með öðruvísi teina en Dynex teina í dag. Þetta var því lík bylting til sjós


LOÐNUNÓT 637x198m



Djúpnót 637 x 198 metrar.

og lands að þar er fáu saman að jafna í veiðarfæratækni ef frá er talið þegar gerviefnin komu til sögunnar í stað bómullargarnsins í nótagerð.

Dynex teinarnir eru léttir, sterkir, nuddþolnir, snúningslausir, togná ekki í notkun, eru auðveldir í stöflun og það fer minna fyrir þeim um borð en þremur terlíniteinum eins og voru notaðir hér áður fyrr. Vinna við uppsetningu nóta og viðhald þeirra með Dynex teinum minnkaði til mikilla muna, svo skipti hundruðum vinnustunda, ásamt því að bensling á teinum heyrir nánast sögunni til. Í stað bensla er nótaefnið nú fest við teinana með því að stinga fellilínunni í gegnum Dynex teininn og loka svo fellilínuna af með stoppkaðli sem dreginn er í gegnum fellilínulykkjuna meðfram aðalteininum. Vernharður Hafliðason netagerðarmeistari hannaði loðnunaræturnar í samráði við starfsmenn útgerðarsviðs HB Granda og er það von þeirra sem að málinu hafa komið að þetta verði fengsæl, sterk og endingargóð veiðarfæri á vonandi gjöfulem loðnurvértilðum framtíðarinnar.



Heimildir:

Hjálmar Vilhjálmsson 2002. Capelin (*Mallotus villosus*) in the Iceland-East Greenland-Jan Mayen ecosystem. ICES Journal of Marine Science 59: 870-883.

Aðaldrættir í útbreiðslu og göngum loðnunnar

Ljósblátt: Uppeldissvæði og ætisgöngur (örvar) loðnu á 3. og 4. ári.

Grænt: Ætissvæði fullorðinnar loðnu og göngur til baka í átt að Íslandi að hausti.

Rautt: Hrygningargöngur og hrygningarslóðir loðnunnar.

Fjölubláar örvar: Seidarek.



Hið glæsilega og vel útbúna nótaverkstæði Hampiðjunnar að Skarfabakka.



Flotteinn á loðnunót



Blýteinn á loðnunót.



Haraldur Árnason, sölu- og markaðsstjóri Hampiðjunnar, og Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjávarfisks HB Granda, undirrita kaupsamning um loðnunaræturnar.

Loðnuslagur í Faxaflóa

Það var mikið um að vera við nótaverkstæði Hampiðjunnar í Sundahöfn á síðustu loðnuvertíð þegar nótaskipin Lundey, Þrándur í Götu, Beitir, Aðalsteinn Jónsson og fleiri komu með veiðarfærin til viðgerðar eftir að þessi smái en afar mikilvægi fiskur kom til hrygningar í Faxaflóa um miðjan febrúar sl.

Netagerðamenn Hampiðjunnar unnu hratt og skipulega og létu hendur standa fram úr ermum eins og þeir svo sannarlega gera í nótavinnunni þegar mikið liggur við. Það var aðdáunarvert hvað allir lögðu sig fram



Ljósmynd: Ólafur Óskar Stefánsson

Nótaskipið KAP VE-4 að draga loðnunótina um borð í stórsjó og brælu á Faxaflóa.

við bráðaviðgerðir til að halda skipunum úti við þá mikilvægu verðmætisköpun sem loðnuvertíðir eru fyrir útgerðir, áhafnir,

vinnslufólk í landi og auðvitað þjóðina alla.

Viðgerðirnar eru af ýmsum toga; næturnar springa

undan miklum afla, burðar-teinar nótanna slitna, snurpúvir leggst í nótina eða nótin fer í skrúfunna, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Netagerðarmenn Hampiðjunnar uppteknir í viðgerð á loðnunót á nótaverkstæði Hampiðjunnar við Skarfagarða.





Unnið af kappi við að hefa saman tvo bála loðnunetsins.

Megin orsakir óhappa af þessu tagi eru einkum

tvær, óhagstætt veður og mikill afli.

Að þessu sinni ríkti stöðug suðvestanátt á miðunum sem orsakaði straumbunga haföldu beint inn Faxaflóa með allt að 6-8 metra ölduhæð í verstu hrinunum.

loðnu í nóttinni. Þá þarf lítið út af að bregða svo nótin gefi eftir og rifni við þá ógnarkrafta hafsins sem hafa áhrif jafnt á veiðiskipið sem og veiðarfærið.

Loðnan er að jafnaði þyngri í nóttinni undir hrygningu og reynir því mjög á næturnar þegar verið er að draga þær inn í áður nefndri ölduhæð, með 500 - 600 tonn af

Hættur með togvára!

Cara Rawdon eigandi og skipstjóri togarans Catherine R frá Greencastle á Írlandi hefur nú notað Dynex Togtaugar í rúmt ár og er mjög ánægður með árangurinn af notkun þeirra.

Á Catherine R hefur að staðaldri þurft að skipta um 350 faðma af 700 faðma stálvírum skipsins á 6 mánaða fresti.

Síðan skipt var yfir í Dynex Togtaugar hafa eiginleikar og hagkvæmni tauganna komið betur og betur í ljós með hverjum mánuði sem líður. Það er mat Rawdon skipstjóra að ending Dynex Togtauganna sé allt að fjórföld í samanburði við stál-togvírana sem hann hefur notað um langt árabíl.

Cara Rawdon jók nýlega lengd Dynex Togtauganna úr 350 föðmum í 500 faðma á hvorri tromlu, sem sýnir að hann hefur mikið álit á þessum byltingakenndu togtaugum, framleiddum úr ofurefninu Dyneema.

Dynex Togtaugarnar eru sjö sinnum léttari í lofti og 40 sinnum léttari í sjó en stálvír í sama sverleika. Rawdon segist nota sama magn af olíu á togstund og áður en hafi með Dynex Togtaugunum komist yfir mun stærra veiðisvæði og aflað betur en hann gerði með stálvírunum.

Á Catherine R eru vírgrandarar trollsins híðir inn á togvindur skipsins, ofan á Dynex Togtaugarnar. Ótrúlegt er hversu lítið sér á taugunum eftir



Írski togarinn Catherine R frá Greencastle. Birt með leyfi fiskveiðiblaðsins „The skipper“ á Írlandi.

þennan reynslutíma, sem sýnir hversu öflug og endingargóð hlífðarkápa Dynex Togtauganna er við notkun á trolldekkinu.

Rawdon bætti við að skip sem hífa grandarana inn á sérstakar grandaravindur gætu séð allt að 10 ára endingu á Dynex Togtaugum.

“Það er mikill kostur Dynex Togtauganna að maður þarf ekki að skipta um allt í einu. Við byrjuðum fyrst með 350 faðma og lengdum síðan í 500

faðma. Það er mjög þæglegt að geta bætt svona smátt og smátt við Dynex Togtaugarnar þar til við hættum alfarið að nota vírinn. Ég trúi því staðfastlega að þeir sem byrja með Dynex Togtaugar fari ekki aftur í stálvírana. Með Dynex Togtaugunum er mun minna álag á skipið, togvindurnar og aðalvélin, ásamt mun öruggara vinnuumhverfi fyrir áhöfnina“, bætti Rawdon við.

„Dynexið endist og endist..!“


Það er með ólíkindum hvað Dynex tógið endist vel við hinar ýmsu aðstæður.

Um borð í Ingunni AK-150 er notuð 20 metra löng færibandastroffa úr 10 mm Dynex tógi til að færa sjóskiljuna til og frá eftir því hvar aflanum er dælt í lestartankana.

Færibandastroffan er fest við tvískiptan spilkopp þaðan sem hún er fest við skiljuna og áfram í gegnum rúllu brúarmegin, og síðan yfir í hinn spilkoppinn stefnismegin. Það er lítið álag á tóginu í notkun og engin hætta á að það slitni í sundur.

Það sama gildi um stálvír í sama sverleika sem notaður var á undan Dynex kaðlinum. Hann slitnaði heldur ekki sundur en var hinsvegar skipt út á sex mánaða fresti vegna ryðskemmda!

Eftir 6 ára notkun sér sáralítið á Dynex tóginu! Því var samt skipt út þegar gormafesting á skiljunni sem Dynex tógið var tengt við ryðgaði í sundur síðastliðinn vetur! Að sögn Róberts Axelssonar skipstjóra og stýrimanns höfðu þeir verið



Hinn endingagóði Dynex kaðall og sjóskiljan.

með sama tógið áfram ef gormafestingin hefði ekki gefið sig. Róbert sagði að „Dynexið bara endist og endist...“

Þetta sýnir og sannar að Dynex tógið stendur vel undir nafninu „ofurkaðall“ og skilar hlutverki sínu frábærlega þótt það sé berskjaldað gagnvart veðri, vindum og sjólagi allan ársins hring.



Veiðarfæri frá Hampiðjunni tekin um borð í Ingunni AK-150.

Fastsetningatóg á gasflutningaskip

Nýlega seldi Hampiðjan fastsetningatóg til gasflutningaskipafélags í Bandaríkjunum.

Fyrirtækið, Mooring Solutions Inc keypti 48 fastsetningatóg til notkunar á þremur gasflutningaskipum sem flytja fljótandi jarðgas (LNG) á milli heimsálfa. Hver einstök fastsetning er 200 metrar að lengd og 39 mm að þvermáli með fléttaðri hlífðarkápu.

Skipin sem hér um ræðir eru 285 metra löng, 46

metra breið og með 11 metra djúpristu. Burðargeta hvers skips er 126.300 m³ af fljótandi gasi. Mesti ganghraði skipanna er 20 mílur á klst. Þegar kaupbeiðnin kom frá bandaríska fyrirtækinu var brugðist fljótt og vel við hjá Hampiðjunni Baltic og pöntunin afgreidd á tilsettum tíma, einum mánuði seinna.

Ástæður þess að Dynex efnið var valið eru nýjar öryggisreglur um gasflutningaskip þar sem segir að óheimilt sé að



Risa gasflutningskip sem flytur fljótandi gas milli heimsálfa.

nota stálvír í landfestar skipanna vegna neistahættu sem getur skapast á fastsetningapollum í landi, einkum ef mikið og snögg átak lendir á vírnum. Þessar takmarkanir eru að hluta til komnar vegna hinna miklu öryggisráðstafana í Bandaríkjunum eftir hryðjuverkaárásina á New York, ellefta september árið 2001. Síðan þá hafa umræður um öryggis- og umhverfis-

mál verið mjög ofarlega á baugi hjá Bandaríkjamönnum og er almenn-ingur þar í landi mun betur upplýstur um hugsanlegar hættur sem fylgja gasflutningaskipum. Þeir sem harðast ganga fram í málinu segja að eitt slíkt gasflutningaskip sé með álíka mikinn sprengikraft og kjarnorkusprengjan sem varpað var á Hiroshima í síðari heimstyrjöldinni, árið 1945.

Gloríu úthafskarfatroll seld til Rússlands

Töluvert var um það á liðnu sumri að rússneskar útgerðir í Murmansk og Kaliningrad endurnýjuðu Gloríu úthafskarfatroll sín til veiða í Irmingerhafinu suðvestur af Reykjanesi.

Flestar útgerðirnar völdu Gloríu þantroll með nýja Helix kaðlinum en þan-eiginleikar trollanna gera þau fisknari en önnur troll þar sem þau haldast vel opin á lítilli ferð og í beygjum. Þá er þau vel

þanin á toginu og halda belgnum vel opnum sem bætir vatnsflæðið í trollinu og gerir karfanum auðveldara fyrir að komast aftur í poka.

Einnig hafa rússnesku útgerðirnar fært sig upp á skaftið og eru farnar að nota Dynex grandara í stað þess að vera með þriggja þátta stálvír eins og notaður hefur verið við veiðarnar um árabíl. Þessi gerð af vír þótti best því hún snýr miklu minna

upp á sig en venjulegur stálvír.

Um helmingur skipanna notar nú Dynex grandara og losnar þar með við alla snúninga því Dynex kaðallinn er 12 tölfléttadur og þar af leiðandi er engin hætta á snúningum.


Þá eru Dynex grandarar miklu léttari í sjó en stálvír auk þess sem þeir ryðga ekki við notkun. Ef vel er farið með Dynex grandara endast þeir í

mörg ár en oftast þarf að skipta um stálvírsgrandara árlega.

Úthafskarfatrolli rennt í hafid á Reykjanesshryggnum.



Íslensk makrílveiðiskip suðvestur af Reykjanesi



Það var mikið um að vera á makrílmiðunum út af Reykjanesi í sumar eins og sést á meðfylgjandi mynd á Netinu (Google).

Vel gekk hjá flestum skipum að veiða á tilsettum tíma úthlutuðum kvóta sem sjávarútvegsráðuneytið ákvað í upphafi veiðanna. Makrillinn veiddist mest við yfirborð sjávar og því var mikilvægt fyrir skipin að halda veiðarfærunum við yfirborðið til að ná fisknum inn í flottrollin sem notuð eru við veiðarnar. Hampiðjan setti nýja útfærslu af Gloríu flottrolli með Helix þanköðlum til uppsjávarveiða á markað í ársbyrjun 2010. Flottrollin eru fram-

leidd í stærðum frá 400 til 2080 metra að ummáli, allt eftir því hver toggetan er hjá viðkomandi skipi.

Apollo Xstream hlerar eru notaðir til að þenja trollin í sundur og hafa þeir reynst afskaplega vel með svokölluðu V-riggi sem gefur hlerunum mikið jafnvægi þegar togað er uppi við yfirborð sjávar. Þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á gæði makrilsins var hannaður sérstakur makrílþoki þar sem netinu er snúið í 90 gráður. Við það opnast möskvar pokans miklu betur en í hefðbundnum poka, hann þenst vel út og verður eins og sívalningur í laginu. Þá er straumhraði inni í pokanum


50% meira en í venjulegum poka. Með þessu fyrirkomulagi er fiskurinn lifandi í pokanum þar til trollið er híft aftur um borð.

Það er staðfest hjá nokkrum fiskvinnslum að gæði

makrils veiddum í T90 poka frá Hampiðjuni séu allt önnur og betri en úr hefðbundnum poka. Þá ber þess að geta að allmörg skipanna eru eingöngu með Dynex Togtaugar, eða með styttri lengdir ofan á togvír skipanna.

Það er samdóma álit þeirra sem hafa notað þessar fis-létu og sterku togtaugar að frábært sé að nota þær við veiðar upp við yfirborð sjávar og auðveldi þær veiði á upp-sjávarfiski til mikilla muna.

Ný útfærsla af Gloríu flottrolli



GLORIA® HELIX® DYNEX® SWAN NET-GUNDRY

COSMOS TRAWL® MAGNET® POLY-ICE® UTZON®

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Pokahornið, útgáfustjórn: Jón Guðmann Pétursson og Guðmundur Gunnarsson. Hampiðjan, Skarfagarðar 4, 104 Reykjavík. Áskrift sími 530 3300 og Fax 530 3309 Vefang: www.hampidjan.is Umsjón: Ottó Ólafsson • Prentvinnsla: Oddi